

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 23. maí 2014 í máli nr. S-12/2014:

Ákærvaldið

(Óli Ingi Ólason aðstoðarsaksóknari)

gegn

Erni Geirdal Arnarssyni

(Sveinn Guðmundsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru 7. janúar 2014 á hendur Erni Geirdal Arnarssyni, Heiðarbrún 20, Stokkseyri, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 9. mars 2013, fyrir utan húsnæði við Laugaveg 29 í Reykjavík, sparkað í tvígang af miklu afli í höfuð og andlit A, með þeim afleiðingum að A hlaut bólgu á efri og neðri vör, bólgu í kringum vinstra auga og hruflsár á vinstri framhandlegg.

Er talið að þetta varði við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði neitar sök. Af hálfu verjanda er krafist sýknu og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá aðfaranótt laugardagsins 9. mars 2013 barst lögreglu, kl. 03.59 þá nótt, tilkynning um slagsmál fyrir utan verslunina Brynju, Laugavegi 29 í Reykjavík. Tilkynnandi kvað tvo menn vera í slagsmálum og var annar sagður með opið sár á enni. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu sat brotþoli við verslunina Brynju er lögreglu bar að garði. Var hann samkvæmt skýrslunni blóðugur og bólginn í framan. Virtist hann illa áttaður og kemur fram að hann hafi nokkrum sinnum reynt að standa á fætur. Hafi hann verið mjög óstöðugur. Tekið er fram að sterka áfengislykt hafi lagt frá honum. Þá kemur fram að rætt hafi verið við ákærða, sem hafi verið áberandi ölvaður og með sár í hársverði. Hafi ákærði gert lögreglu grein fyrir því að brotþoli hafi fengið að hringja hjá ákærða en ekki viljað skila símanum. Hafi brotþoli slegið ákærða með símanum en þá hafi ákærði sparkað brotþola niður með hringsparki í höfuð. Fram kemur að rætt hafi verið við vitni á vettvangi. Brotþoli hafi verið fluttur á slysadeild til skoðunar. Í frumskýrslu er tekið fram að ákærði hafi verið fluttur á lögreglustöð. Þegar vista hafi átt ákærða hafi honum verið boðið að þvo sér í andliti svo hægt væri að sjá sár í hársverði

hans. Því hafi ákærði neitað. Hafi ákærði viljað leggja fram kæru á hendur brotþola vegna líkamsárásar.

Læknir á Landspítala háskólasjúkrahúsi, hefur 28. febrúar 2013 ritað læknisvottorð vegna komu brotþola á slysadeild 9. mars 2013 kl. 04.43. Í vottorðinu kemur m.a. fram að við skoðun hafi brotþoli sést með bólgu á efri og neðri vör. Um hafi verið að ræða vægt sár sem ekki hafi þurft að sauma. Nokkur bólga hafi verið í kringum vinstra auga og blætt hafi úr báðum nösum. Brotþoli hafi útskrifast að skoðun lokinni.

Brotþoli lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir líkamsárás 23. maí 2013.

Við aðalmeðferð málsins gáfu ákærði og brotþoli skýrslu fyrir dóminum. Auk þeirra gáfu skýrslu fjögur vitni að atvikum, lögreglumenn sem unnu að frumrannsókn málsins og læknir er ritaði læknisvottorð vegna brotþola, auk læknis er ritaði læknisvottorð vegna ákærða. Ekki þykir ástæða til að reifa framburði ákærða og vitna frekar en hér fer á eftir.

Ákærði kvað brotþola hafa farið þess á leit að fá að nota síma ákærða til að hringja. Að því loknu hafi brotþoli ekki viljað skila símanum. Hafi brotþoli brugðist illa við er ákærði hafi spurt hvort hann mætti leita að síma sínum á brotþola. Þeir hafi farið að rífast, sem endað hafi með því að brotþoli hafi slegið ákærða í höfuðið og tvö högg í andlitið. Ákærði hafi vankast við höggin og mikið blætt úr sári á höfði hans. Hann hafi síðan fengið högg í maga. Minni ákærða væri gloppótt eftir þetta. Hann myndi þó eftir því að þeir hafi tekist á og endað í götunni. Ákærða hafi að lokum tekist að forða sér frá brotþola liggjandi í götunni. Geti verið að hann hafi í því sparkað frá sér og í átt að brotþola.

Brotþoli kvaðst hafa fengið að hringja hjá ákærða á Laugavegi. Hafi brotþoli verið undir áhrifum áfengis. Verið geti að hann hafi verið með einhver leiðindi varðandi síma ákærða. Hafi brotþoli fengið högg í andlitið frá ákærða. Við höggið hafi brotþoli vankast og fallið í götuna. Ekki kvaðst brotþoli geta sagt til um hvort hann hafi fengið spark í höfuðið í framhaldi. Hann hafi allur verið lemstraður eftir atlöguna. Brotþoli sagðist muna takmarkað eftir að ákærði hafi tekið hann niður.

B kvaðst hafa orðið vitni að árásinni. Hafi hann tekið eftir því að maður hafi gert tilraun til að kýla mann með hnefa. Höggið hafi geigað og maðurinn fallið í jörðina. Í framhaldi hafi hinn maðurinn ítrekað sparkað í höfuð mannsins þar sem hann lá eftir fallið. Hljóðið sem myndaðist við það að fætinum var sparkaði í höfuð mannsins hafi látið illa í eyrum. Hafi B hrópað á viðkomandi að hætta. Tvær stúlkur hafi stöðvað slagsmálin. Ekki hafi hann séð upphaf átakanna. Brotþolinna hafi ekki verið með vopn í hendi. B hafi verið skammt frá átökunum.

C kvaðst hafa séð tvo menn í slagsmálum. Annar hafi reynt að kýla hinn, en ekki hitt hann. Við vindhöggið hafi hann fallið í jörðina. Hinn maðurinn hafi þá sparkað í andlit hans. Hafi C fundist árásin mjög gróf. Spörkin hafi sennilega verið tvö og hafi þau verið föst. Átökin hafi C séð vel.

D kvaðst hafa séð tvo menn í slagsmálum. Annar mannanna hafi reynt að slá hinn en slegið vindhögg. Í kjölfar þess hafi hann dottið í jörðina. Hinn maðurinn hafi þá

sparkað í andlit mannsins þar sem hann hafi legið í jörðinni. Spörkin hafi verið ítrekuð, þung og hafnað í andliti mannsins.

E kvaðst hafa séð tvo menn í átökum. Annar hafi sparkað ítrekað í andlit hins. Hafi hún og vinkona hennar gengið á milli og stöðvað átökin. Ekki hafi hún séð hvar spörk mannsins hafi lent.

Niðurstaða:

Ákærði neitar sök. Kveður hann ekki útilokað að hann hafi sparkað í brotþola aðfaranótt laugardagsins 9. mars 2013. Það hafi hann hins vegar gert í neyðarvörn, þar sem brotþoli hafi að fyrra bragði ráðist á ákærða og valdið honum líkamstjóni.

Brotþoli kveður ákærða hafa veitt sér þá áverka er í ákæru greinir. Hann hafi ekki veitt ákærða áverka með áhaldi, svo sem ákærði haldi fram. Fyrir dómminn komu vitni. Ekkert þeirra gat borið um upphaf átaka ákærða og brotþola. Hafa vitnin, B, C og D, borið á einn veg um að brotþoli hafi sveiflað hnefa í átt að ákærða en ekki hitt og þar sem um vindhögg hafi verið að ræða hafi hann fallið í götuna fyrir utan húsnæði við Laugaveg 29 í Reykjavík. Þá ber vitnunum og E saman um að ákærði hafi a.m.k. í tvígang sparkað í höfuð brotþola, þar sem brotþoli hafi legið í götunni. Þegar samhljóða framburðir þessara vitna eru virtir telur dómurinn komna fram lögfulla sönnun þess að ákærði hafi í tvígang sparkað í höfuð brotþola umrætt sinn. Slík háttsemi er stórhættuleg, þar sem spörkin beindust að höfði. Ákærði gekk mun lengra í atlögu sinni en tilefni var til og getur háttsemi hans ekki réttlæst af neyðarvörn. Með hliðsjón af þessu verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur í október 1976. Hann á að baki sakaferil. Hann gekkst undir viðurlagaákvæðanir á árunum 2004 og 2005 fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og umferðarlögum. Á árinu 2007 var ákærði dæmdur í sekt fyrir brot gegn 217. gr. laga nr. 19/1940. Þá var hann, 17. mars sl. dæmdur í 12 mánaða fangelsi, að hluta skilorðsbundið, fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940. Brot ákærða nú eru hegningarauki við síðastgreindan dóm. Verður refsing ákveðin með hliðsjón af 78. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 77. gr. Verður að ákvarða ákærða nýja heildarrefsingu í málinu, bæði fyrir það brot sem hér er til meðferðar og brot í máli frá 17. mars. Ákærði var í dómi 17. mars dæmdur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Ákærði á sér ekki málsbætur. Er refsing ákveðin fangelsi í 1 ár og tíu mánuði. Með hliðsjón af alvarleika brotsins og sakarferli ákærða eru ekki efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Ákærði greiði sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, svo sem í dómsorði greinir.

Af hálfu ákæruvalds sótti mál þetta Óli Ingi Ólason aðstoðarsaksóknari.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Örn Geirdal Arnarsson, sæti fangelsi í 1 ár og tíu mánuði.

Ákærði greiði 596.650 krónur í sakarkostnað, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, 539.650 krónur.

Símon Sigvaldason

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómi Reykjavíkur 23. maí 2014.